

Ársskýrsla  
lögreglustjórans á  
höfuðborgarsvæðinu

2008

# Ársskýrsla

---

2008



LÖGREGLUSTJÓRINN Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Útgefandi: Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu  
[www.lrh.is](http://www.lrh.is)  
Umsjón og ábyrgð: Upplýsinga- og áætlanaeild  
Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson

Myndir: Foto.is sf.  
Prentun: Litlaprent  
Umbrot: Grafika  
Útgefið í júlí 2009

## Efnisyfirlit

NÝJAR AÐSTÆÐUR – NÝ VERKEFNI .....	5
SKIPURIT.....	6
HELSTU MARKMIÐ LRH.....	10
EMBÆTTIÐ Í HNOTSKURN .....	12
HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU .....	14
Mótmæli vöruflutningabilstjóra .....	17
Mótmæli í miðborginni .....	18
Ofbeldi - árásir á lögreglumenn .....	21
Kynferðisbrot.....	23
Innbrot og þjófnaðir .....	24
Rán og fjársvik .....	26
Fíkniefni haldlögð.....	28
Hass í húsbíl .....	29
Fíkniefnaframleiðsla í Hafnarfirði .....	30
Menningarnótt.....	33
Fækkun slysa í umferðinni .....	34
Banaslys og hraðakstursbrot .....	35
Fréttir úr umferðinni .....	36
Sérrefsilagabrot .....	38
Hverfa-og svæðafundir .....	39
Forvarnir og fræðsla .....	40
Sáttamiðlun í sakamálum .....	40
Lögregluvefurinn.....	41
REKSTUR OG ÞJÓNUSTA .....	42
Rekstraryfirlit .....	44
Skipting rekstrarkostnaðar.....	45
Almenn afgreiðsla .....	46
Tölvu- og símamál .....	47
Innri endurskoðun .....	47
VIÐAUKAR .....	49







## Nýjar aðstæður – ný verkefni

Árið 2008 reyndi mjög á starfsemi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, líkt og margar aðrar stofnanir samfélagsins. LRH stóð frammi fyrir hefðbundnum verkefnum en einnig nýjum aðstæðum og þar með verkefnum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008. Þær aðstæður sem þá sköpuðust og leiddu meðal annars til víðtækra mótmæla almennings eiga sér vart hliðstæðu á síðustu áratugum. Lögreglan þurfti ítrekað að auka viðbúnað sinn og nokkrum sinnum að grípa inn í þegar mótmælaaðgerðir fóru úr böndunum.


Rétturinn til að mótmæla er grundvallarréttur í öllum lýðræðisríkjum. Þann rétt ber lögreglunni að vernda eins og önnur mannréttindi. Þegar aðgerðir mótmælenda eru hins vegar farnar að skerða verulega réttindi annarra eða beitt er ólögmetum aðferðum, þar á meðal ofbeldi og eignaspjöllum, ber lögreglunni að grípa inn í með viðeigandi hætti. Það var leiðarljós lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að haga þeim inngrípum með þeim hætti að skapa ekki meiri vanda en þann sem leysa þurfti í hvert og eitt sinn. Sterkustu vopn lögreglunnar reyndust sem endranær rökræður og þolinmæði.

Þessi aðferðafræði gekk upp og má þakka það öguðum vinnubrögðum stjórnenda og lögreglumanna sem og góðum undirbúningi þeirra og þjálfun. Viðbrögð almennings í garð lögreglu voru enda afar sterk og jákvæð og voru birtingarmyndir þess margar og ánægjulegar. Mikið barst af kveðjum í gegnum tölvupóst og hefðbundinn póst og margir sýndu þakklæti sitt og stuðning í verki með táknrænum gjöfum. Þessi breiði og mikli stuðningur landsmanna við lögregluna er henni afar mikilvægur og hvatning til áframhaldandi góðra verka.


Ánægjulegur árangur náðist á mörgum öðrum sviðum í starfsemi LRH á liðnu ári. Umtalsverð fækkun umferðarslysa blasir við og ekki er vafi á því að góð skipulagning og sýnileiki lögreglunnar á lykilstöðum og lykiltímum skiptir þar sköpum. Enn og aftur tókst fíkniefnadeild LRH á við flóknar rannsóknir og stór mál með frábærum árangri. Mikið reyndi á færni og þekkingu starfsmanna tækni-deildar við flóknar rannsóknir og aukið samspil upplýsinga- og áætlanadeildar við rannsóknardeild og aðrar deildir embættisins er að skila miklum og athyglisverðum árangri á mörgum sviðum. Meginniðurstaða funda embættisins með lykilsamstarfsfólki LRH í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var mikil ánægja með starf hverfislögreglumanna embættisins alls staðar á svæðinu. Af þessari stuttu upptalningu má ráða að starfsfólk embættisins, hvar sem borið er niður, er að sinna störfum sínum af alúð, þekkingu og áhuga sem er að sjálfsgöðu lykillinn á bak við þann góða árangur sem blasir við á ýmsum sviðum. Áfram verður haldið á sömu braut.

*Stefán Eiríksson lögreglustjóri*


Skipurit  
Heildarskipulag




Skipurit  
Löggæslusvið







Skipurit  
Ákæru- og lögfræðisvið




## HELSTU MARKMIÐ LRH

Stefna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að auka öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu. Öll starfsemi embættisins miðar að þessu grundvallarmarkmiði. Fjölmörg önnur markmið og áhersluatriði eru sett á oddinn en um þau er fjallað sérstaklega í skýrslunni *Grundvallarstefna og langtímaáætlun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og stefna einstakra deilda 2008-2011*.

Skýrsluna er að finna á lögregluvefnum ([www.lrh.is](http://www.lrh.is)) en í henni er jafnframt gerð grein fyrir helstu markmiðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2008. Stefnt var að eftirtöldum grundvallarmarkmiðum:




- Fækka afbrotum um 5% miðað við meðaltal síðustu þriggja ára og að teknu tilliti til íbúafjölda.
- Fækka slysum á vegfarendum um 5% frá árinu 2007.
- Auka öryggistilfinningu þeirra sem búa, starfa og dvelja á höfuðborgarsvæðinu frá því sem hún mældist á árinu 2007 (skipt eftir hverfum og svæðum).
- Rekstur embættisins verði í samræmi við rekstraráætlun fyrir árið 2008 sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur samþykkt.

Á seinni hluta ársins varð ljóst að markmið um fækkun afbrota gengi tæpast eftir. Þjófnaðarbrotum fjölgaði mikið og það gerði útslagið. Hinsvegar tókst að fækka slysum á vegfarendum frá árinu 2007 eins og að var stefnt. Sú staðreynd er ein af bestu fréttum ársins. Öryggistilfinning fólks á höfuðborgarsvæðinu er almennt mjög mikil en um 90% íbúa segjast mjög eða frekar öruggir á ferð einir í sínu hverfi eftir að myrkur er skolið á. Niðurstöður á milli ára eru svipaðar hvað þetta varðar og verða að teljast mjög ásættanlegar. Það sama verður ekki alveg sagt um rekstur embættisins. Hann var mjög erfiður líkt og kemur fram í rekstraryfirliti annars staðar í ársskýrslunni.



# Embættið í hnotskurn

Mannfjöldi | 
 Hlutfall af höfuðb. sv. | 
 Hlutfall af Íslandi | 
 Hlutfall erlendra | 
 Fjöldi ríkisfanga | 
 Stærð í km² | 
 Fjöldi grunnsk. | 
 Fjöldi leiksk. | 
 Fjöldi framhaldssk.



Heimild: Hagstofa Íslands og menntamálaráðuneytið





Mannfjöldi



Hlutfall af höfuðb.sv.



Hlutfall af Íslandi



Hlutfall erlendra



Fjöldi ríkisfanga



Stærð í km<sup>2</sup>



Fjöldi grunnsk.



Fjöldi leiksk.



Fjöldi framhaldssk.



Höfuðb.sv.

201.251    100%    63%    7,8%    129    1,042    75    150    20



Ísland

319.368    100%    100%    7,6%    133    103,125    176    271    35



281  
karlar



52  
konur

Lögreglumenn **333**



27  
karlar



64  
konur

Borgaralegir starfsmenn **91**

Fjöldi ökutækja í lok árs 2008



4

Merktar stórar bifreiðar



25

Merktar fólksbifreiðar



20

Ómerktar fólksbifreiðar



14

Bifhjól

Samtals **63**

Akstur ökutækja í kílómetrum árið 2008



1.157.061  
Akstur merktra ökutækja



474.987  
Akstur ómerktra ökutækja



182.990  
Akstur bifhjóla

Samtals **1.815.038**

# HELSTU VERKEFNI LÖGREGLUNNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

3. mars

## LÖGREGLAN NÝTUR MIKILS TRAUSTS

*Lögreglan nýtur mikils trausts hjá almenningi en um það má lesa í nýjasta Þjóð-arpúlsi Gallup. Spurt var um traust til tíu stofnana en 80% aðspurðra sögðust treysta lögreglunni og fékk hún næst-bestu útkomuna að þessu sinni. Flestir treysta Háskóla Íslands, eða 90%, en traust til annarra stofnana í könnuninni var á bilinu 9-68%.*

*Gallup hefur kannað traust til nokkurra stofnana í hálfan annan áratug en traust almennings til lögreglunnar hefur aldrei verið meira en nú. Það var 78% við síðustu mælingu í febrúar árið 2007 og hefur því hækkað um 2 prósentustig. lrh.is*

Sjaldan hefur reynt jafn mikið á lögregluna og árið 2008. Þetta á ekki síst við um lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem stóð frammi fyrir mörgum krefjandi verkefnum. Segja má að eldfimt ástand hafi skapast þegar líða tók á árið og þá mátti lögreglan hafa sig alla við. Hrun efnahagslífsins á haustmánuðum hafði víðtæk áhrif og mikið reyndi á stofnanir þjóðfélagsins. Við þessar aðstæður varð öllum ljóst mikilvægi þess að búa yfir öflugum lögreglu. Á tímabili voru mótmæli nánast daglegt brauð í miðborginni og lögreglumenn voru ekki alltaf öfundsverðir af hlutverki sínu.

Eins og gengur voru skiptar skoðanir um einstaka aðgerðir í mótmælunum. Sumir gagnrýndu lögregluna en þeir voru þó miklu fleiri sem hrósuðu henni. Embættinu bárust fjölmörg símtöl og tölvupóstar þar sem lögreglunni var hrósað fyrir vel unnin störf við erfiðar aðstæður. Kannski má segja að mótmæli vöruflutningabilstjóra á fyrri hluta ársins hafi verið einskonar fyrirboði um það sem á eftir fylgdi.

Til átaka kom á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt í apríl þegar vöruflutningabilstjórar lokuðu fyrir umferð og hunsuðu ítrekuð fyrir mæli lögreglu um að færa bílana úr stað. Mannfjöldastjórnunar hópar LRH voru sendir á vettvang en þeir áttu eftir að koma oftar við sögu áður en árið var úti.



Merki um mikla hörku mátti sjá víða í samfélaginu og lögreglan fór ekki varhluta af því. Í janúar var ráðist að lögreglumönnum sem voru við skyldustörf í miðborginni. Einn þeirra slasaðist nokkuð og var frá vinnu um tíma. Lögreglumenn urðu einnig fyrir tilefnislausri árás í Árbæ í október. Þar réðst hópur manna að tveimur lögreglumönnum sem höfðu verið sendir á staðinn vegna kvartana um hávaða. Barefli af ýmsu tagi komu líka við sögu í mörgum þeirra líkamsárásarmála sem voru til rannsóknar á árinu. Eitt það hrottagasta átti sér stað í Breiðholti í mars en margir voru sárir eftir.




## 23. apríl

### 21 HANDTEKINN OG LAGT HALD Á 16 ÖKUTÆKI

*Tuttugu og einn maður var handtekinn í aðgerðum lögreglu á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt í dag og lagt var hald á sextán ökutæki. Aðdragandi málsins var sá að vörulutningabílstjórar lögðu bílum sínum á fyrrnefndum stað í morgun og lokuðu fyrir umferð. Kom til átaka og þurfti lögreglan m.a. að beita varnarúða en áður höfðu bílstjórnarnir hunsað ítrekuð fyrirmæli lögreglu um að færa bílana úr stað. Einn lögreglumaður slasaðist í átökunum en sá fékk grjót í höfuðið og var fluttur á slysadeild. Hann er ekki alvarlega slasaður.*

*Í hópi hinna handteknu voru umráðamenn ökutækja sem neituðu að hlýða ítrekuðum fyrirmælum lögreglu. Til rannsóknar eru ætluð brot þeirra gegn 168. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, röskun á umferðaröryggi á alfaraleiðum og að hafa lagt ökutæki á þeim stað að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.*

*Mannfjöldastjórnunarárópar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu stjórnðu og sáu um aðgerðir á vettvangi. Þeim til aðstoðar voru nokkrir sérsvaitarmenn frá embætti ríkislögreglustjóra. lrh.is*



Mörg fikniefnamál komu sömuleiðis til rannsóknar hjá embættinu. Fikniefnadeildin hafði því í nógu að snúast árið 2008 en þeir sem reyna að koma eitruyfjum á markað svífast einskis. Í hálf tölur eða svo stóð yfir rannsókn á umfangsmiklu máli er varðaði innflutning á tæplega 200 kílóum af hassi auk annarra fikniefna en í minna mæli þó. Efnin voru vandlega falin í sérútbúnum húsbíl sem var stöðvaður á Seyðisfirði. Um miðjan október réðst lögreglan til inngöngu í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Innandyra voru tæki og tól til framleiðslu fikniefna en þessi verksmiðja var með þeim fullkomnari í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Sérfræðingar Europol voru lögreglunni innan handar við að taka niður verksmiðjuna en aðgerðin var ekki með öllu hættulaus.

Góður árangur náðist líka á ýmsum öðrum sviðum. Í umferðinni hefur orðið mjög jákvæð þróun en embættið setti sér metnaðarfull markmið um fækkun umferðarslysa. Þau eru að ganga eftir eins og bæði tölur lögreglu og tryggingarfélagastaðfesta. Umferðardeildin lagði mikla áherslu á aukinn sýnileika og það hefur skilaði árangri. Sterkar vísbendingar eru líka um lækkaðan umferðarhraða í umdæminu og það er góðs viti. Hægt er mæla árangurinn af starfi lögreglunnar með ýmsu móti en ekki verður farið nánar út í þá sálma hér. Það er hinsvegar mjög ánægjulegt til þess að vita að lögreglan nýtur mikils trausts. Gallup hefur kannað traust til nokkurra stofnana um árabíl en traust almennings til lögreglunnar hefur aldrei verið meira en árið 2008. Þá sögðust 80% aðspurðra treysta lögreglunni.

Hér á eftir verður farið nánar yfir helstu verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2008 var mjög viðburðaríkt og mun sennilega fara í íslenskar sögubækur sem ár mótmælanna miklu. Tekið skal fram að tölfraði embættisins fyrir árið 2008 er að finna í skýrslunni *Afbrot á höfuðborgarsvæðinu (útg. 2009)*.





## Mótmæli vöruflutningabílstjóra

Mótmæli náðu nýjum hæðum á árinu. Áður voru þau oftast friðsamleg en nú fór að kveða við annan tón. Vöruflutningabílstjórar höfðu sig mikið í frammi á fyrstu mánuðum ársins en þeir voru ósáttir við skattheimtu ríkissjóðs. Mótmæli bílstjóranna stigmögnuðust en þeir lokuðu ítrekað fyrir umferð á fjölförnum götum í umdæminu. Af þessu hlutust miklar tafir og óþægindi fyrir alla vegfarendur. Lögreglan reyndi sitt ítrasta til að leysa málin friðsamlega en fyrirmælum hennar var ekki alltaf hlýtt. Valdbeiting við þessar aðstæður var því óumflýjanleg.

Mótmæli bílstjóranna náðu hámarki í apríl þegar skarst í odda á Suðurlandsvegi við Norðlingaholt. Vöruflutningabílum var þá lagt á Suðurlandsvegi með þeim hætti að umferð til og frá höfuðborginni stöðvaðist. Bílstjórnarnir virtu öll fyrirmæli að vettugi og neituðu að færa ökutækin úr stað. Lögreglan átti ekki annarra kosta völu en að fjarlægja bílana og kom þá til harðra átaka. Bæði við bílstjórana og eins aðra nærstadda en nokkur mannfjöldi safnaðist saman á meðan þessu stóð. Beita þurfti varnarúða til að hafa hemil á fólkinu en mörgum var heitt í hamsi. Hamagangurinn var sýndur í beinni útsendingu sjónvarpsstöðvanna en fleiri aðgerðir lögreglunnar voru síðar í kastljósi fjölmiðlanna áður en árið var á enda.



Þegar yfir lauk á Suðurlandsvegi höfðu um tuttugu manns verið handteknir en lögreglan lagði jafnframt hald á sextán ökutæki þennan dag. Einn lögreglumaður fékk grjót í höfuðið en hann slapp með skrekkinn og reyndist ekki alvarlega slasaður. Bílarnir voru fluttir á athafnasvæði sem lögreglan setti upp á Kirkjusandi. Þar réðst einn mótmælandi að lögreglumanni en árásarmaðurinn var síðar dæmdur fyrir verknaðinn. Eftir þetta fjaraði undan mótmælum vöruflutningabílstjóra.

## 31. desember

### MÓTMÆLI VIÐ HÓTEL BORG - ÞRÍR HANDTEKNIR

*Þrjú karlar voru handteknir við Hótel Borg en þar söfnuðust saman liðlega 200 mótmælendur um tvöleytið í dag. Fólkið ætlaði að brjóta sér leið inn á hótelið en þar stóð yfir bein útsending Stöðvar 2 á þættinum Kryddsíld en gestir þáttarins voru forystumenn stjórnmálaflokkanna. Kom til átaka en mótmælendur virtu að vettugi margítrekuð fyrirmæli lögreglu. Hópur fólks ruddist inn í portið sem þarna er og síðan inn um hlíðardyr hótelsins. Litlum sprengjum var kastað inni og myndaðist þar talsverður reykur en mótmælendum tókst ekki að komast inn í útsendingarsalinn. Að minnsta kosti einn starfsmaður Stöðvar 2 slasaðist í átökunum og þá voru unnar skemmdir á búnaði sjónvarpsmannanna. Lögreglan beitti varnarúða en margir mótmælendanna létu mjög ófriðlega. Þeir létu sér ekki segjast og hófu enn fremur grjótkast og fóru lögreglumenn ekki varhluta af því. Einn lögreglumaður var fluttur á slysadeild en sá fékk grjót í andlitið og reyndist vera kinnbeinsbrotinn. Hinir handteknur, sem allir neituðu að hlýða fyrir mælum lögreglu, eru á þrítugs- og sextugsaldri og einn er undir tvítugu. Þeir voru færðir á lögreglustöð og verða yfirheyrðir þar. lrh.is*

### Mótmæli í miðborginni

Íslenskt samfélag tók miklum breytingum á haustmánuðum þegar efnahagslífið hrundi nánast á einni nóttu. Eftir fall bankanna braust út mikil reiði og boðað var til mótmælafunda á Austurvelli og víðar. Mótmælin voru friðsamleg í fyrstu en þróuðust síðan á verri veg þegar leið á veturinn. Í desember hafði lögreglan ítrekað afskipti af mótmælendum sem fóru mikinn við Alþingishúsið, Ráðherra-bústaðinn og Seðlabankann. Fjöl margir voru handteknir en mótmælendur létu fyrir mæli lögreglu iðulega sem vind um eyru þjóta.

Um þrjátíu mótmælendur ruddu sér leið inn í Alþingishúsið og kom til átaka þegar fólkinu var komið út. Enginn slasaðist alvarlega við uppákomuna en eftir hana fór hópur mótmælenda að lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Fólkið taldi sig eiga eitthvað vantalað við lögreglustjóra og hans menn. Mótmælendum var boðið í upplestrarsal lögreglunnar og þar voru málin rædd. Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn svöruðu spurningum mótmælenda eftir því sem best þeir gátu og skildu allir bærilega sáttir eftir fundinn.

Í desember kom líka til átaka við Seðlabankann þegar nokkrir tugir manna tóku sér stöðu í anddyri bankans. Fólkið krafðist afsagnar yfirmanna Seðlabankans en að þessu sinni létu mótmælendur sér segjast og yfirgáfu staðinn eftir fyrir mæli lögreglu. Það sama var ekki uppi á teningnum þegar mótmælendur tóku sér stöðu við





## 8. desember

### LÖGREGLUSTJÓRI RÆDDI VIÐ MÓTMÆLENDUR

*Eftir upptökum í Alþingishúsinu í dag kom hópur fólks að lögreglustöðinni við Hverfisgötu og leitaði svara við ýmsum spurningum. Fólkinu var boðið í upplestrarsal lögreglunnar og þar svöruðu Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn spurningum þeirra eftir því sem best þeir gátu. Fór þetta allt saman mjög vel fram.*

*Eins og áður hefur komið fram voru sjö manns handteknir þegar mótmælendur fóru inn í Alþingishúsið í dag. Þeir voru færðir til skýrslutöku á lögreglustöð. lrh.is*

Ráðherrabústaðinn nokkrum dögum síðar. Fólkið virti hvorki lokanir lögreglu né hlýddi fyrir mælum hennar. Tveir voru handteknir en ríkisstjórnin sat á fundi í húsinu á meðan þessu stóð. Á einum tímapunkti teygðu mótmælin sig líka að lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Gerður var aðsúgur að lögreglunni þegar mótmælendur gerðu tilraun til að ryðjast inn í höfuðstöðvar embættisins. Nokkrar rúður voru brotnar og var mikill hiti í mannskapnum. Aðspurðir sögðust mótmælendur ætla að frelsa mann sem var í haldi lögreglu. Viðkomandi hafði haft sig nokkuð í frammi í mótmælum í miðborginni og því drógu einhverjir rangar ályktanir og tengdu saman óskyld mál. Umræddur maður var réttilega handtekinn en það var fyrir sakir í öðru umdæmi.

Og þegar árinu var rétt að ljúka var enn efnt til mótmæla en um tvö hundruð manns söfnuðust saman við Hótel Borg á gamlársgötu. Þar stóð fyrir dyrum bein útsending frá sjónvarpsþætti Stöðvar 2, Kryddsíld. Þátturinn fór í loftið en útsendingin var rofin áður en auglýstri dagskrá var lokið. Skemmdir voru unnar á búnaði sjónvarpsmanna en mótmælendur töldu sig eiga ýmislegt vantalað við forystumenn stjórnsmálaflökkanna en þeir voru gestir þáttarins. Hópur fólks ruddi sér leið inn um hliðardyr hótelsins en lögreglunni tókst að stöðva för þess áður en í útsendingarsalinn var komið. Enn og aftur þurfti að beita varnarúða en mótmælendur svöruðu fyrir sig með grjótkasti. Einn lögreglumaður fékk grjót í andlitið og kinnbeinsbrotnaði.



## 11. janúar

### FIMM ÚRSKURÐAÐIR Í GÆSLUVARÐHALD

*Fimm karlar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 15. janúar en þeir réðust að lögreglumönnum við skyldustörf á Laugavegi í nótt. Þrír þeirra voru handteknir á vettvangi en tveir síðdegis á heimili sínu í Reykjavík. Fimmmenningarnir, sem eru á aldrinum 19-25 ára, eru allir af erlendu bergi brotnir. lrh.is*

## 8. maí

### LÝST EFTIR VITNUM AÐ LÍKAMSÁRÁS

*Lögreglan leitar nú tveggja manna vegna alvarlegrar líkamsárásar í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt sumardagsins fyrsta, eða 24. apríl sl. Um hálf-fimmleytið umrædda nótt kom til átaka utan við skemmtistaðinn Tunglið í Tryggvagötu en þau bárust eftir vestanverðri götunni og virðist þeim hafa lokið við Grillhúsið, sem er steinsnar frá. Í þessum átökum slasaðist karlmaður af asískum uppruna mjög illa en hann fékk mikla höfuðáverka og man lítið eftir atburðarásinni. Maðurinn er á þrítugsaldri en árásmennirnir tveir eru taldir vera á aldrinum 17-25 ára. Þeir eru báðir kraftalega vaxnir og með stutt, dökkt hár. Annar þeirra var klæddur í gallabuxur og bláa, köflotta skyrtu en hinn var í hvítum bol og með tattú á hendi. Þeir sem búa yfir upplýsingum sem geta varpað ljósi á málið eru beðnir að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1100. lrh.is*

## Ofbeldi - árásir á lögreglumenn

Líkt og undanfarin ár kom ofbeldi við sögu í mörgum málum en fjöldi líkamsárása var kærður til lögreglu. Ofbeldisbrot árið 2008 voru um 770. Tæplega 100 teljast alvarleg (218. gr. alm. hegningarlaga). Til viðbótar voru skráð um 60 brot vegna ofbeldis gegn lögreglumönnum hjá embættinu. Málin voru af ýmsum toga en í tveimur þeirra var ráðist á lögreglumenn við skyldustörf. Í janúar veittist hópur Litháa að starfsmönnum fíkniefnadeildarinnar þar sem þeir voru að störfum í miðborginni. Fjórir lögreglumenn fóru á slysadeild til aðhlyningar eftir árásina en einn þeirra var frá vinnu um skeið. Fimm árásmenn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn málsins. Í október urðu tveir lögreglumenn einnig fyrir árás þegar þeir voru við skyldustörf í Árbænum. Þar hafði verið kvartað undan hávaða frá íbúð í fjölbýlishúsi. Lögreglumennirnir fóru á staðinn en fólkíð í íbúðinni, tólf manns, veittist að þeim með höggum og spörkum. Í þessu máli voru sömuleiðis fimm árásmenn úrskurðaðir í gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn málsins.

Barefli af ýmsu tagi komu við sögu í fjölmörgum líkamsárásarmálum. Í einu slíku slösuðust átta Pólverjar þegar hópur samlanda þeirra ruddist inn í hús í Breiðholti í mars. Þar var dvalarstaður fórnarlambanna en áverkar sumra þolandanna voru mjög alvarlegir. Fjórir árásmenn voru dæmdir fyrir verknaðinn. Í öðru líkamsárásarmáli í Breiðholti voru þrír árásmenn vopnaðir sleggjum og járnörri. Þeir áttu eitthvað sökótt við tvo menn en öðrum þeirra tókst að komast undan á hlaupum. Hinn mátti pola barsmíðar og var m.a. hálsbrotinn eftir útreiðina.

Hnífum var líka óspart beitt. Skömmu fyrir verslunarmannahelgina var maður stunginn í bakið í miðborginni. Atlagan var lífshættuleg



og var árásarmaðurinn ákærður fyrir tilraun til manndráps. Hann var dæmdur í fimm ára fangelsi. Tæplega tveimur mánuðum síðar var lögreglan aftur á vettvangi þar sem maður var illa slasaður eftir hnifaárás. Fórnarlambið var fast við hurð en hnífurinn hafði farið í gegnum handarbak mannsins, í hurðina og sat þar fastur. Nokkra stund tók að losa um hnífinn.

Í sumarbyrjun kom til átaka við skemmtistað í miðborginni. Einn maður lá eftir meðvitundarlaus. Hann reyndist mikið slasaður. Maðurinn var með höfuðáverka og var haldið sofandi í öndunarvél um tíma. Lýst var eftir árásamönnunum með aðstoð fjölmíðla og hafðist upp á tveimur þeirra. Í sumarlok kom annað mál á borð lögreglu þar sem um höfuðáverka var að ræða. Málið var ennþá alvarlegra því þegar lögreglan kom á vettvang í húsi við Skúlagötu var viðkomandi látinn. Um var ræða mann sem bjó í umræddu húsi og beindist grunur fljótlega að tveimur mönnum. Báðir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald en öðrum þeirra var fljótlega sleppt úr haldi.





## 22. október

### HRAUNBÆJARMÁLIÐ - FIMM Í GÆSLUVARÐHALDI

*Þrjú karlar voru í dag úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 27. október að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru allir grunaðir um að hafa ráðist á tvo lögreglumenn sem voru við skyldustörf í Hraunbæ í Árbæ aðfaranótt sunnudags en árásin var með öllu tilefnislaus. Samtals sitja því fimm karlar í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins en hinir tveir voru í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald sem nær sömuleiðis til 27. október. Alls hafa tólf menn verið handteknir í þágu rannsókna málsins. Tveir þeirra voru handteknir í dag og bíða yfirheyrslu. Fimm eru því lausir úr haldi lögreglu en einn þeirra sat um tíma í gæsluvarðhaldi. Lögreglan hefur jafnframt rætt við fjölda vitna en rannsókn málsins miðar vel. lrh.is*

## 5. nóvember

### NAUÐGUNARMÁL - FJÓRIR Í GÆSLUVARÐHALD

*Fjórir karlar hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 11. nóvember. Mennirnir, sem eru allir á þrítugsaldri, voru handteknir í gær í tengslum við rannsókn lögreglunnar á nauðgunarmáli í Reykjavík. lrh.is*

## 9. september

### KYNFERÐISBROT - GÆSLUVARÐHALD TIL 23. SEPTEMBER

*Karl á fimmtugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. september. Hann er grunaður um að hafa áreitt barn kynferðislega í miðborginni. lrh.is*

## Kynferðisbrot

Um 170 mál komu til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Fjölmennustu brotaflokkarnir voru kynferðisbrot gegn börnum, 50 brot, og nauðganir, 35 brot. Blygðunarsemisbrot voru líka allmörg, eða 25, og þá rannsakaði kynferðisbrotadeildin 24 barnaklámsmál. Lagt var hald á mikið af gögnum enda málin oft umfangsmikil. Dæmi um það eru ljósmyndir sem fundust hjá einum aðila sem sætti rannsókn. Myndirnar sýna allar kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum en viðkomandi var með um tíu þúsund slíkar myndir í fólum sínum.

Á vormánuðum lauk rannsókn á máli karlmanns um fimmtugt. Maðurinn braut gegn nokkrum piltum og var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi. Annar maður á miðjum aldri braut gegn dætrum sínum og vinkonum þeirra. Hann var dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Brotapolarnir voru átta og voru þeir beittir kynferðislegu ofbeldi til margra ára. Rannsókn beggja málanna sneri einnig að vörslu og framleiðslu á barnaklámi. Þá var karl á fertugsaldri dæmdur í sex ára fangelsi en maðurinn braut gegn stjúpdóttur sinni.

Í september var maður um fertugt handtekinn í miðborginni. Hann áreitti stúlkubarn kynferðislega. Hráki úr manninum og fingraför hans fundust á vettvangi. Viðkomandi var dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Kynferðisbrotadeildin rannsakaði líka mál karlmanns á fertugsaldri sem kynntist unglingsstúlku í gegnum msn-netspjall. Maðurinn hafði samræði við stúlkuna, sem þá var 14 ára. Hann játaði sök og var dæmdur fyrir verknaðinn. Önnur stúlka, 18 ára, kærði fjóra menn fyrir nauðgun undir lok ársins. Fljótt kom á daginn að ekki var allt sem sýndist og var hún sjálf kærð fyrir rangar sakargiftir.

## 7. febrúar

### ÆTLUÐU AÐ SENDA ÞÝFI ÚR LANDI

*Umtalsvert magn af þýfi fannst við húsleit í Reykjavík á mánudagskvöld og í framhaldinu fannst einnig þýfi í Flugstöðinni á Keflavíkflugvelli. Málsatvik voru þau að rannsóknarlögreglumenn frá svæðisstöðinni í Hafnarfirði fóru í áður nefnda húsleit eftir að hafa fengið áreiðanlegar heimildir um grunsamlega menn og vafasamt hátterni þeirra. Í herbergi í húsinu fundust tveir kassar en í þeim var varningur sem öruggt má telja að sé þýfi. Á sama stað fannst einnig mjög mikið af allskyns verð- og merkimiðum sem var búið að fjarlægja af fatnaði. Tveir karlar deildu herberginu og voru þeir báðir handteknir. Aðspurðir um innihald kassanna voru þeir margsaga en skýringar þeirra þóttu lítt trúverðugar. Í herberginu var einnig að finna pappíra sem höfðu að geyma upplýsingar um póstsendingu til útlanda. Strax var haft samband við bæði póst- og tollayfirvöld en við eftirgrennslan kom í ljós að tólf samskonar kassar voru á Keflavíkflugvelli og biðu þess að vera fluttir um borð í flugvél en brottför hennar var morguninn eftir. Lagt var hald á póstsendinguna en samtals vege kassarnir fjórtán, sem lögreglan fann á þessum tveimur stöðum, vel á annað hundrað kíló. Varningurinn samanstendur af fatnaði og snyrtivörum. Fatnaðurinn er talinn vera úr innbroti í verslun í Hafnarfirði en snyrtivörum var að öllum líkindum stolið úr verslun í Reykjavík. Þrír aðrir karlar voru handteknir vegna rannsókna málsins en þeir, líkt og hinir tveir, eru af erlendu bergi brotnir. Fjórir þessara manna hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. lrh.is*



## Innbrot og þjófnaðir

Töluvert var um innbrot á höfuðborgarsvæðinu árið 2008. Þjófarnir beittu ýmsum aðferðum en innbrot á heimili voru þó einkum framin virka daga þegar húsráðendur voru í vinnu eða skóla. Algengasta aðferð þjófanna var að spenna upp glugga en hinir óprúttu aðilar höfðu einkum skartgrip, myndavélar, tölvubúnað og peninga á brott með sér. Hinir fingralöngu þrjotar létu til sín taka í flestum hverfum í umdæminu og var ekkert svæði undanskilið. Innbrot í verslanir og fyrirtæki voru líka mörg en þjófarnir leituðu einkum þangað sem tölvubúnað var að finna. Framan af ári var talsvert um innbrot á vinnusvæðum verktaka. Verkfæri, vélar og annað sem notað er við byggingastarfsemi var þá tekið ófrjálsri hendi. Bílar urðu líka iðulega fyrir barðinu á innbrotspjófum.

Rúmlega 5.700 þjófnaðarbrot komu til kasta lögreglu árið 2008. Þar af voru innbrot um 2.200 en fjórðungur þeirra var innbrot í bíla. Eins og að framan greinir urðu verslanir oft fyrir barðinu á þjófum. Þjófnaðir á bensínstöðvum voru líka algengir og færðust í vöxt. Um var að ræða ökumenn sem tóku eldsneyti og óku á brott án þess að greiða fyrir það. Ökutæki þeirra voru gjarnan með stolin skráningarnúmer og torveldaði það rannsókn mála. Á tímabili var dálítið um veskjapjófnaði í verslunarmiðstöðvum og í miðborginni. Þrír útlendingar voru handteknir fyrir þær sakir í Kringlunni og eftir það heyrðu þessi mál sögunni til. Premeningunum var gert að yfirgefa landið.

Ágætlega gekk að endurheimta stolna muni en lögreglan fann mikið af þýfi við húsleitir. Þýfi var líka að finna í póstsendingum til Austur-Evrópu. Ótal sendingar voru skoðaðar og í þeim mörgum var að finna stolna muni úr verslunum. Illa fengin verkfæri var líka reynt að senda úr landi en um skipulagða glæpastarfsemi var að ræða. Undir lok ársins hafði mjög dregið úr þessum póstsendingum.






## Rán og fjársvik

Rán voru nokkur á árinu og flest framin á almannaþæri. Í þremur tilvikum höfðu þolendur tekið út peninga úr hraðbönkum þegar að þeim var veist. Ræningjarnir höfðu jafnan lítið upp úr krafsinu og engin slys urðu á fólki. Eitt ósvífnasta ránið var framið í Hafnarfirði í maí. Karl á þrítugsaldri, vopnaður hnífum, ógnaði starfsfólki í útibúi Landsbankans og hafði eitthvað af fjármunum á brott með sér. Mikil leit var gerð að ræningjanum og m.a. lýst eftir honum í fjölmiðlum. Það skilaði árangri og til hans náðist.

### 7. maí

#### RÁN Í HAFNARFIRÐI

*Rán var framið í útibúi Landsbankans á Bæjarhrauni í Hafnarfirði á tíunda tímanum í morgun. Karlmaður, vopnaður hnífi, ógnaði starfsfólki og hafði síðan eitthvað af fjármunum á brott með sér. Ræninginn, sem var klæddur í hettupeysu og huldi andlit sitt með klúti, komst undan á hlaupum og er ófundinn. Talið er að hann sé á aldrinum 20-30 ára. Rannsókn málsins er á frumstigi og ekki er hægt að veita frekari upplýsingar að svo stöddu. lrh.is*



Þeir voru öllu útsjónarsamari svikahraparnir sem lögreglan klófesti í febrúar. Þrír menn sviku út raftæki úr verslun á höfuðborgarsvæðinu og freistuðu þess að ná samskonar varningi úr fleiri verslunum. Tækin voru pöntuð símleiðis en verðmæti þeirra nam milljónum króna. Þrjú tækin sendu verslununum rafrænar greiðslukvittanir sem allar voru falsaðar. Þeir reyndu að hylja slóð sína en það var til lítils. Starfsmenn ónefnds fyrirtækis sáu að ekki var allt með felldu og gerðu lögreglu viðvart. Tveir menn voru síðan gripnir glóðvolgir þegar þeir hugðust sækja raftæki. Svikamyllan hrundi og þriðji maðurinn var handtekinn en allir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Rannsóknin var viðamikil en þremmingarnir játuðu brot sín og raftækin voru endurheimt.

Fleiri útsmognir svikahrapar áttu eftir að koma við sögu hjá lögreglu. Eftir páskahelgina voru tveir menn handteknir á Keflavíkflugvelli. Í farangri þeirra voru faldar 3 milljónir króna í reiðufé. Skýringar ferðalanganna, sem voru á leið úr landi, þóttu ekki trúverðugar. Rannsókn leiddi í ljós að 12 milljónir höfðu verið sviknar út í hraðbönkum á höfuðborgarsvæðinu skömmu áður og var hluti þess í fórum fyrrnefndra ferðalanga. Stolnar greiðslukortaupplýsingar, af breskum greiðslukortum, voru settar á plöst með segulröndum og þannig náðust peningarnir úr bönkunum. Um 300 kort voru notuð við verknaðinn. Talið er víst að svikahraparnir hafi verið sex og allir frá Rúmeníu.

Í kringum hvítasunnuhelgina var enn verið að taka út peninga í hraðbönkum með sama hætti og áður var lýst. Aftur voru það Rúmenar en í farangri þeirra fannst hálf milljón íslenskra króna í reiðufé. Þeir voru einnig með plöst með segulröndum í fórum sínum en á þeim voru kortaupplýsingar. Rúmenarnir höfðu ennfremur minnislykil meðferðis en á honum voru vel á annað þúsund kortanúmer með PIN upplýsingum. Númerin reyndust bresk en kortunum var lokað með aðstoð íslenskra greiðslukortafyrirtækja.

## 14. maí

### HRADBANKASVINDLARAR HANDTEKNIR

Í gær handtóku starfsmenn fjármunabrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þrjá Rúmena, tvo karlmenn og eina konu, grunaða um að hafa komið hingað til lands gagngert til að ná fjármunum úr hraðbönkum með stolnum greiðslukortaupplýsingum. Við handtöku og húsleitir fundust á þriðja hundrað kort með greiðslukortaupplýsingum sem talið er að aflað hafi verið með ólöglegum hætti af kortum grunlausra kortanotenda erlendis. Við slíka iðju er oftast ekki notaður búnaður sem komið er fyrir á eða í grennd við hraðbanka eða annars staðar þar sem tekið er við greiðslukortum. Sambærilegur nýsnabúnaður fannst hér á landi síðla árs 2006 í tengslum við handtöku tveggja Rúmena. Áður hafði fundist búnaður í fórum manns sem var að koma hingað til lands með Norrænu. Í fórum þessa fólks fannst einnig reiðufé, sem ætla megi að hafi verið aflað úr hraðbönkum hér á landi. Rannsókn málsins er á frumstigi. Hún beinist m.a. að því hvort hugsanleg tengsl geti verið við sambærilegt mál sem kom upp um síðastliðna páska. Þá voru tveir Rúmenar handteknir en talið er að þeir hafi tilheyrt hópi sem kom gagngert hingað til lands í sömu erindagjörðum. [lrh.is](http://lrh.is)





## 3. desember

### FÍKNIEFNI HALDLÖGÐ - SÖLUMENN HANDTEKNIR

*Það sem af er árinu hefur lög-reglan á höfuðborgarsvæðinu handtekið 117 einstaklinga sem allir eru virkir sölumenn fíkniefna. Jafnframt hafa verið höfð afskipti af fjölmörgum öðrum sem allir eiga það sammerkt að nota fíkniefni. Við áðurnefndar aðgerðir hefur verið lagt hald á umtalsvert magn fíkniefna. Um er að ræða 3 kg af marjúana, um 1,5 kg af kókaíni og annað eins af hassi og rúmlega 1 kg af amfetamíni. Einnig hefur lögreglan lagt hald á yfir 600 e-töflur og ámóta magn af LSD skömmtum að ógleymdum 330 kannabispöntum. Að auki hefur fíkniefnadeild LRH rann-sakað allnokkur umfangsmikil mál og að öllu samanlögðu hefur aldrei áður verið lagt hald á eins mikið af fíkniefnum og á þessu ári. lrh.is*

### Fíkniefni haldlögð

Í samræmi við nýjar áherslur og markmið starfaði fíkniefnadeildin með breyttu sniði árið 2008. Kröftum starfsmanna var í auknum mæli beint gegn innflutningi fíkniefna og skipulagðar voru aðgerðir gegn sölu og dreifingu fíkniefna. Afskipti af fólki í fíkniefnaneyslu voru færð meira til almennu deildarinnar. Þetta gafst vel og árangurinn var góður. Lagt var hald á talsvert magn fíkniefna, aðallega marjúana, hass, kókaín og amfetamín. Einnig e-töflur og LSD að ógleymdum kannabispöntum en ræktun þeirra héraendis virðist færast í aukana. Nokkur umfangsmikil fíkniefnamál voru til rann-sóknar og að öllu samanlögðu hefur aldrei verið haldlagt jafnmikið af fíkniefnum og árið 2008.

Yfir 100 manns voru handteknir í aðgerðum gegn sölu og dreifingu fíkniefna en þeir eiga það allir sammerkt að vera virkir sölumenn fíkniefna. Afskipti voru höfð af fjölmörgum öðrum til viðbótar sem eiga það sameiginlegt að nota fíkniefni. Um nokkurt skeið hefur lögreglan haldið úti fíkniefnasíma, 800-5005, með góðum árangri. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann.

Þrátt fyrir miklar annir voru fíkniefnalögglumenn duglegir að sækja námskeið. Farið var þeirra erinda til Norðurlandanna, Hollands og Bandaríkjanna. Einnig voru sótt námskeið innanlands. Eftirminni-legast var þó trúlega námskeið sem fíkniefnadeildin skipulagði og stóð fyrir í samvinnu við Lögregluskóla ríkisins og embætti lög-reglustjórans á Suðurnesjum. Það var ennfremur haldið í samstarfi við bandarísku alríkislögregluna, FBI, og bandarísku fíkniefnalög-regluna, DEA. Fengnir voru fimm erlendir fyrirlesarar, auk þriggja innlendra, en erindi þeirra vöktu mikla athygli.

## 31. október

### FÍKNIEFNASALAR HANDTEKNIR Í REYKJAVÍK

*Karl á þrítugsaldri var handtekinn í miðborg Reykjavíkur í gærkvöld en í fórum hans fundust ætluð fíkniefni. Hann hafði einnig talsvert af peningum meðferðis en grunur leikur á að þeir séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Í framhaldinu var farið í húsleit á heimili mannsins og þar fannst meira af fíkniefnum. Þau voru haldlögð líkt og haglabysa sem þar fannst. Við yfirheyrslu hjá lögreglu viðurkenndi maðurinn sölu fíkniefna. Annar karl, sömuleiðis á þrítugsaldri, var einnig stöðvaður í miðborginni í gær. Sá var með marijúana í fórum sínum og viðurkenndi hann líka sölu fíkniefna.*

*Fyrirnefndar aðgerðir eru liður í að hamla gegn sölu og dreifingu fíkniefna en sem fyrir minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann. lrh.is*

## 4. júlí

### ÞRIGGJA VIKNA GÆSLU-VARÐHALD Í FÍKNIEFNAMÁLI

*Fíkniefnadeild LRH hefur að undanförunu unnið að rannsókn málsins sem kom upp á Seyðisfirði um miðjan júní þegar maður var handtekinn með 190 kg af hassi í húsbíl sem kom til Seyðisfjarðar með ferjunni Norrænu. Miðvikudaginn 2. júlí sl. handtók lögreglan mann á fimmtugsaldri í þágu rannsóknar málsins. Maðurinn var samdægurs úrskurðaður í þriggja vikna gæsluvarðhald. Rannsókn málsins heldur áfram en frekari upplýsingar af gangi hennar verða ekki veittar að sinni. lrh.is*

## Hass í húsbíl

Eitt umfangsmesta fíkniefnamál síðari ára kom upp á Seyðisfirði í júní þegar ferjan Norræna lagðist að bryggju. Á meðal farartækja um borð var sérútbúinn húsbíl en í honum reyndist vera falið mikið magn fíkniefna. Umráðamaður bílsins, Hollendingur á átttræðisaldri, var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Nokkru síðar var Íslendingur á fimmtugsaldri handtekinn í þágu rannsóknarinnar og einnig úrskurðaður í gæsluvarðhald. Í bílnum reyndust vera 190 kg af hassi, 1,6 kg af marijúana og 1,3 kg af kókaíni.

Fíkniefnadeild LRH tók strax við rannsókn málsins og að því unnu þrír rannsóknarlögreglumenn nær sleitulaust í sex mánuði. Allir starfsmenn deildarinnar komu raunar að málinu með einum eða öðrum hætti enda var það mjög viðamikl. Rannsóknin var jafnframt unnin í góðri samvinnu við tollyfirvöld, lögreglulið í fjórum löndum og Europol. Upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hafði sömuleiðis aðkomu að málinu en vinna hennar skipti miklu. Þess má geta að rannsókn málsins gekk undir nafninu *Old Lorry*.

Rannsóknarvinnan krafðist sértækra aðgerða og því var kallað á sérfræðinga upplýsinga- og áætlanadeildar. Þeir unnu greinargerð sem lögð var fyrir dóminn. Í henni voru m.a. símar sakborninganna tengdir saman með óbyggjandi hætti. Íslendingurinn, sem neitaði allri sök, var dæmdur í níu ára fangelsi. Hollenski bílstjórinn var dæmur í sjö og hálfis árs fangelsi. Niðurstöðuna má þakka góðri samvinnu starfsmanna hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hún sýnir að embættið er í fremstu röð þegar kemur að því að upplýsa erfið og flókin sakamál.

## 12. desember

### FÍKNIEFNAMÁL Á SEYÐISFIRÐI - RANNSÓKN LOKIÐ

Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á umfangsmiklu fíkniefnamáli sem kom upp á Seyðisfirði í júní er lokið og hefur það verið sent embætti ríkissaksóknara til meðferðar. Tveir menn, annar á áttræðisaldri en hinn á fimm-tugsaldri, sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Þeir voru fyrst úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna en síðan vegna almanna-hagsmuna. Eldri maðurinn var handtekinn í júní en sá yngri í júlí. Rannsókn málsins var mjög viðamikil en að henni komu lög-reglufirvöld í fimm löndum og einnig Europol.

Í umræddu máli fannst mikið magn fíkniefna í sérútbúnum húsbíl sem kom til landsins með ferjunni Norrænu. Um var að ræða 190 kg af hassi, 1,6 kg af marjúana og 1,3 kg af kókaini. *lrh.is*

### Fíkniefnaframleiðsla í Hafnarfirði

Rannsókn á fíkniefnamáli sem kom upp í Hafnarfirði í október var sömuleiðis viðamikil. Þar var sett á laggirnar verksmiðja en í henni átti að framleiða fíkniefni. Þegar lögreglan kom á vettvang blöstu við ýmis tæki og tól en búnaðurinn var mjög háþróaður. Sérfræðingar Europol voru kallaðir til aðstoðar og hjálpuðu til við að taka niður verksmiðjuna. Aðgerðin var ekki með öllu hættulaus enda fylgir sprengi- og eldhætta starfsemi af þessu tagi. Að mati sérfræðinga Europol var verksmiðjan í Hafnarfirði mjög vel tækjum búin og með þeim fullkomnari í Evrópu.

Nokkrir voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins en þrjú karlar sátu um tíma í gæsluvarðhaldi vegna þessa. Mennirnir, sem allir eru íslenskir, eru á þrítugs- og fertugsaldri og hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. Tveir þeirra hófu síðar afplánun vegna annarra mála. Um var að ræða eftirstöðvar fangelsisvistar. Rannsóknin gekk undir nafninu *Einstein* og hafði staðið yfir í nokkurn tíma áður en lögreglan lét til skarar skriða. Samhliða voru framkvæmdar húsleitir á nokkrum stöðum. Við þessar aðgerðir naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu aðstoðar sérsveitar ríkislög-reglustjóra, slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, tollgæslunnar og Europol eins og áður var getið.

Að mati sérfræðinga var framleiðslugeta verksmiðjunnar mikil. Þeir sem að henni stóðu höfðu flutt inn eitt tonn af efni sem notað er til íblöndunar fíkniefna. Efnið fannst við húsleitir. Í verksmiðjunni var m.a. að finna frystikistur, rafmagnsviftur, suðutæki, hitastýringatæki, grammavogir, stáltunnur og ýmsan sérhæfðan glerbúnað í miklu magni. Einnig fannst mikið af íblöndunarefnum og vökvum. Þá eru ótalin rúmlega 18 kíló af hassi og tæplega 700 grömm af amfetamíni sem lögreglan fann við húsleitir í þágu rannsóknarinnar.



## 16. október

### FÍKNIEFNAFRAMLEIÐSLA Í HAFNARFIRÐI - FJÓRIR HANDTEKNIR

Í morgun handtók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þrjá menn vegna gruns um að þeir stæðu að framleiðslu fíkniefna. Samtímis voru m.a. gerðar húsleitir á tveimur stöðum í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði þar sem framleiðsla á fíkniefnunum var talin fara fram. Þar var lagt hald á háþróaðan tækjabúnað sem nota má til framleiðslu fíkniefna, efni á framleiðslustigi og efni sem talið er fullunnið amfetamín og/eða methamfetamín. Um er að ræða nokkuð magn efna en um þyngd og styrkleika er ekki hægt að segja á þessari stundu. Við leit í húsnæðinu fundust einnig um 20 kg af hassi.

Samkvæmt mati sérfræðinga, bæði íslenskra og erlendra, er framleiðslugeta þessarar verksmiðju mikil. Til marks um umfangið má geta þess að hinir handteknu fluttu nýverið inn eitt tonn af efni sem nota má til íblöndunar fíkniefna. Mestur hluti þess fannst á framleiðslustöðunum. Ekki er talið að framleiðslan hafi verið lengi í gangi áður en lögreglan lét til skara skriða.

Samfara framleiðslu af þessu tagi er mikil sprengi- og eldhætta. Þess vegna hefur lögreglan fengið hingað til lands, með milligöngu tengslafulltrúa ríkislögreglustjóraembættisins hjá Europol, tvo lögreglumenn frá Europol sem eru sérfræðingar í málum sem þessum og þá sérstaklega í því að taka niður verksmiðjur af þessu tagi. Vegna þessarar miklu hættu hefur lögreglan einnig notið aðstoðar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins enda mikið af hættulegum eiturefnum sem notuð eru við framleiðslu fíkniefna. Húsnæði í næsta nágrenni við framleiðslustaðina var mannlaut í morgun og svo verður meðan talið er að sprengihætta sé fyrir hendi. Sérfræðingar eru að hefjast handa við að fjarlægja efni og tæki úr umræddu húsnæði en talið er að það geti tekið tvo til þrjá daga. Efni og tæki verða síðan vörsluð með öruggum hætti.

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið að rannsókn málsins í nokkra mánuði en að aðgerðunum í morgun komu einnig tollgæslan, sérsveit ríkislögreglustjóra, og eins og áður segir, sérfræðingar frá Europol og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Aðgerðirnar nú í nótt og í morgun, sem leiddu til handtakanna, voru nokkuð umfangsmiklar og að þeim komu á fjórða tug lögreglumanna. Aðgerðinar fólu m.a. í sér húsleitir á nokkrum stöðum samtímis því sem handtökurnar fóru fram.

Þeir sem handteknir voru eru allir íslenskir ríkisborgarar, einn á fertugsaldri en hinir tveir á þrítugsaldri. Allir hafa komið áður við sögu lögreglu, m.a. vegna fíkniefnamála.

Fjórdi maðurinn var svo handtekinn á Keflavíkurflugvelli síðdegis en hann var að koma erlendis frá. Um er að ræða Íslending á þrítugsaldri sem áður hefur komið við sögu lögreglu. lrh.is



## 13. nóvember

### FÍKNIEFNAFRAMLEIÐSLA Í HAFNARFIRÐI - ÁFRAMHALD- ANDI GÆSLUVARÐHALD TIL 27. NÓVEMBER


*Tveir karlar voru í héraðsdómi í dag úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 27. nóvember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru grunaðir um aðild að ætlaðri framleiðslu fíkniefna í Hafnarfirði. Mennirnir, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, hafa áður komið við sögu hjá lögreglu, m.a. vegna fíkniefnamála. Þeir hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar. lrh.is*



## 24. ágúst

### ÁFENGI TEKID AF UNGLINGUM

*Tæplega tuttugu unglingar voru færðir í sérstakt athvarf á Menningarnótt og er það svipaður fjöldi og í fyrra. Hringt var í foreldra þeirra og þeim gert að sækja krakkana en ástand sumra var slæmt sökum ölvunar. Það var hópur svæðislögglumanna sem hélt úti öflugum eftirliti í gærkvöld og nótt en tilgangur þess var að vinna gegn ólöglegri útivist og áfengisdrykkju. Afskipti voru höfð af fjölmörgum unglungum en þeir sem höfðu ekki aldur til að vera úti við var vísað heim eða færðir í athvarf. Þá var miklu magni af áfengi hellt niður en lögreglan tók áfengi af u.þ.b. 150 unglungum. Almennt séð var ekki mikið um brot á lögum um útivistartíma en þeim mun meira um brot á áfengislögum. Þrátt fyrir það sem hér er nefnt voru lögreglumenn almennt nokkuð sáttir með ástandið en ölvun var vissulega nokkur og því meiri sem leið á nóttina. lrh.is*



## Menningarnótt

Að vanda var lögreglan með mikinn viðbúnað þegar Menningarnótt var haldin í Reykjavík í ágúst. Um 100 lögreglumenn voru að störfum þennan dag og gekk allt stórslysalaust fyrir sig. Litlir gönguhópar voru starfandi yfir daginn en um kvöldið og nóttina fóru þrjú stórir gönguhópar um miðborgina og voru tuttugu menn í hverjum. Það voru bæði lögreglumenn og björgunarsveitarmenn en samvinna þessara aðila hefur alltaf verið mjög góð og svo var einnig nú. Sem fyrr var fjöldi lögreglubíla til taks ef á þyrfti að halda.

Dagskrá Menningarnætur var með hefðbundnu sniði og lauk henni með flugeldasýningu. Vel gekk að koma fólkinu til síns heima enda gekk umferðin snurðulaust fyrir sig. Af hálfu lögreglu fer talsverður tími í skipulagningu fyrir hátíðardag eins og Menningarnótt. Fjölmarginir aðrir koma að þessum stórviðburði en sérstök stjórnstöð er jafnan starfrækt í Ingólfsstræti á Menningarnótt. Í henni voru fulltrúar lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og borgaryfirvalda. Þessir aðilar kunna vel til verka og tryggja að allt fari fram eftir settum reglum.

Líkt og undanfarin ár var talsverður mannfjöldi áfram í miðborginni eftir að flugeldasýningunni lauk. Þá er hinsvegar orðinn annar og öllu verri bragur á fólkinu og ölvun áberandi. Mikið var um brot á áfengislögum en lögreglan tók áfengi af 150 unglungum og heltti því niður. Þegar á heildina er litið verður samt ekki annað sagt en að Menningarnótt hafi tekist vel.

## 12. febrúar

### UMFERÐAREFTIRLIT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu heldur úti umferðareftirliti nú sem endranær en þessa dagana er m.a. fylgst sérstaklega með því að ökumenn tali ekki í síma nema að handfrjáls búnaður sé til staðar. Lögreglan fylgist einnig grannt með því að bílbeltin séu spennt og að hleðsla og frágangur á farmi sé samkvæmt settum reglum. Reglulegt eftirlit með ölvunarakstri er sömuleiðis ávallt til staðar og mega ökumenn búast við að verða stöðvaðir vegna þessa viðsvegar í umdæminu. [lrh.is](#)

## 2. apríl

### 17 ÁRA STÚLKA Á 153 KM HRAÐA

Sautján ára stúlka var tekin fyrir hraðakstur á Reykjanesbraut, sunnan Hafnarfjarðar, í nótt en bíll hennar mældist á 153 km hraða. Á þessum hluta vegarins er 90 km hámarkshraði en aðspurð um aksturslagið sagðist stúlkan vera að flyta sér í bæinn! Hún hefur ekki áður komið við sögu hjá lögreglu. Nokkrir aðrir voru teknir fyrir hraðakstur í umdæminu í gær en brot þeirra voru ekkert í líkingu við þetta. [lrh.is](#)

## Fækkun slysa í umferðinni

Eins og fram hefur komið náðist góður árangur á ýmsum sviðum löggæslunnar árið 2008. Umferðarmálin eru þar ekki undanskilin en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu setti sér metnaðarfull markmið í þeim efnum. Skráðum umferðarslysum í umdæminu fækkaði talsvert frá fyrra ári. Tölur tryggingarfélaganna sýna sömuleiðis fækkun slysa í umferðinni en þessi tíðindi eru einkar ánægjuleg. Sú jákvæða þróun átti sér líka stað á árinu að sjá mátti lækkaðan umferðarhraða á höfuðborgarsvæðinu. Tölur frá Vegagerð ríkisins og Reykjavíkurborg staðfesta það.

Kærum vegna umferðarlagabrota fækkaði einnig á milli ára en hafa ber hugfast að lögreglan breytti áherslum sínum í ákveðnum málum. Þar liggur skýringin að hluta. Ekki var árið samt gallalaust og í einum málaflokkum var þróunin neikvæð. Umferðaróhöppum í tengslum við ölvunarakstur fjölgaði miðað við síðasta ár. Almennt séð gekk umferðin samt vel fyrir sig og umferðardeildin mun halda óbreyttum áherslum og vinna að fækkun slysa í umferðinni.

Lykillinn að góðum árangri er ekki síst aukinn sýnileiki en á hann lagði umferðardeild embættisins mikla áherslu. Í því fólst markvisst eftirlit á stöðum þar sem slys og óhöpp eru tíð. Bílar og bifhjól lögreglunnar voru þannig algeng sjón á helstu gatnamótum í umdæminu. Haldið var úti hraðakstursmælingum á vegum og vegarköflum þar sem borið hafði á hraðakstri eða slys verið tíð. Við það var notuð ómerkt lögreglubifreið sem er búin myndavélabúnaði. Reynslan hefur sýnt að notkun slíks búnaðar gefur gagnlegar upplýsingar um ástand umferðarmála og auðveldar leit að lausnum þar sem þeirra er þörf. Einnig var höfð samvinna við sveitarfélög um ýmsar aðgerðir í umferðarmálum.



## 2. júlí

### ÖLVAÐUR ÖKUMAÐUR Á 156 KM HRAÐA

*Karl um þrítugt var tekinn fyrir hraðakstur á Hafnarfjarðarvegi í gær en bíll hans mældist á 156 km hraða. Lögreglumenn við eftirlitsstörf í Kópavogi urðu hans varir og veittu þeir ökufantinum eftirför í Hafnarfjörð. Þar var hann handtekinn og færður á lögreglustöð en maðurinn reyndist jafnframt vera ölvaður. Hann var síðan sviptur ökuréttindum til bráðabirgða og gert að afhenda ökuskírteini sitt. Þess má geta að ökufanturinn furðaði sig á afskiptum lögreglunnar en hann taldi sig hafa ekið á eðlilegum umferðarhraða. lrh.is*

### Banaslys og hraðakstursbrot

Sérstök rannsóknardeild er starfandi innan umferðardeildar og á borð hennar komu fjölmörg mál. Deildin rannsakar bæði umferðaróhöpp og umferðarlagabrot en tæplega 1.900 mál voru tekin til formlegrar rannsóknar. Þar af voru þrjú banaslys. Á árinu var tækjabúnaður til nákvæmra vettvangsrannsókna eflur til muna. Fyrir bragðið eru hraðaútreikningar við rannsóknir umferðarslysa auðveldari en áður. Ákærvaldið nýtur einnig góðs af þessu því ákvörðunartaka á síðari stigum máls verður handhægari.

Stefna umferðardeildar er að auka enn frekar við þann sérhæfða búnað sem þegar er til staðar hjá embættinu. Það er jafnframt eitt af markmiðum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að hún verði að öllu leyti sjálfbær í sérhæfðum rannsóknum í umferðarmálum. Til lengri tíma litið er horft til þess að embættið stendur erlendum lögregluliðum fyllilega á sporði í þessum málaflokki.

Árið 2008 voru kærð tæplega 13 þúsund hraðakstursbrot. Margir óku þrátt fyrir að hafa verið sviptir ökuleyfi, liðlega 520 brot, og aðrir höfðu aldrei öðlast ökuréttindi, um 360 brot. Enn fleiri óku ölvaðir, tæplega 1.100 brot, og þá voru margir undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn, yfir 300 brot. Einnig má nefna að margir voru teknir fyrir að aka gegn rauðu ljósi, rúmlega 500 brot.



## 28. júlí

### Á NAGLADEKKJUM UM HÁSUMAR

*Karl á þrítugsaldri var stöðvaður við akstur í Hafnarfirði í gærmorgun en billinn hans var enn á nagladekkjum. Slíkt er með öllu óheimilt á þessum árstíma og því ber viðkomandi að greiða 5 þúsund krónur í sekt fyrir hvert nagladekk. Þyngjan hans mun því léttast um 20 þúsund krónur en ökumaðurinn bar því við að sumardekkinn væru í skottinu og það ætti bara eftir að setja þau á.*

*Þess má geta að umræddur ökumaður hefur áður verið staðinn að því að aka um á nagladekkjum um hásumar en vonandi lætur hann sér núna segjast og skiptir framvegis út nagladekkjunum á réttum tíma. lrh.is*



### Fréttir úr umferðinni

Umferðardeildin hélt uppteknum hætti árið 2008 og stóð fyrir sérstöku átaki oftar en einu sinni. Þetta átti við um ölvunar- og fíkniefnaakstur og vanrækslu á aðalskoðun ökutækja svo bara tvö dæmi séu tekin. Fjölmargir komu við sögu hjá lögreglu vegna umferðarlagabrota en almenna deildin hefur líka afskipti af ökuþrjótum. Hinir brotlegu eru á ýmsum aldri og af báðum kynjum. Gildir þá einu hvort um er að ræða ölvunar- eða hraðakstur eða trassaskap eins og að aka um á nagladekkjum um hásumar.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr hraðakstri í umdæminu eru sumir sem láta sér ekki segjast. Í júlílok urðu lögreglumenn vitni að því þegar bifhjóli var ekið á 245 km hraða á Þingvallavegi, nærri afleggjaranum að Skálafelli. Brotið er eitt það grófasta sem um getur. Ökumanninum var ekki veitt eftirför en bæði hann og þeir sem á vegi hans urðu, voru í mjög mikilli hættu. Á sama stað varð banaslys fyrir nokkrum árum en þá lést bifhjólamaður. Kross í minningu hans er nú á þessum stað á Þingvallavegi. Atvikið í júlí er því kaldhæðnislegt en umfram allt dapurlegt.

Í ágúst var ökuniðingur handtekinn á skólalóð Austurbæjarskóla. Sá var staðinn að vítaverðum akstri en hann ók sportbifreið mjög glæfralega þar sem börn voru að leik. Annar ökuþrjótur komst í fréttirnar í október þegar bifreið hans var gerð upptæk til ríkissjóðs. Viðkomandi var jafnframt dæmdur fyrir ítekaðan sviptingar- og ölvunarakstur og var sviptur ökuréttindum ævilangt. Ökuþrjóturinn hafði einnig þjófnað á samviskunni en auk sviptingar hljóðaði dómurinn upp á 6 mánaða óskilorðsbundið fangelsi.



## 12. febrúar

### RÉTTINDALAUS ÖKUMAÐUR Á NÍRÆDISALDRI

Sjö réttindalausir ökumenn voru stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Fimm þeirra reyndust þegar hafa verið sviptir ökuleyfi og tveir höfðu aldrei öðlast ökuréttindi. Þetta voru allt karlar en þeir voru teknir viðsvegar í umdæminu. Ökumennirnir eru á ýmsum aldri en sá elsti í hópnum er á níræðisaldri en viðkomandi hefur áður gerst sekur um umferðarlagabrot. [lrh.is](http://lrh.is)

## 7. janúar

### KAPPAKSTUR Á LAUGAVEGI

Tveir karlar, 18 og 22 ára, voru sviptir ökuréttindum til bráðabrigða aðfaranótt laugardags en þeir voru staðnir að hraðakstri á Laugavegi á mótis við Bolholt. Bílar þeirra mældust á 115 km hraða og þykir víst að mennirnir hafi verið að reyna með sér í kappakstri en á þessum kafla er leyfður hámarks hraði 50. Ökufantarnir hafa áður verið teknir fyrir hraðakstur en þó ekkert í líkingu við þetta. Fleiri voru að flýta sér í umferðinni um helgina en þrjátíu aðrir ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur viðsvegar í umdæminu. Þá stöðvaði lögreglan tvo pílta á mótörhjólum en báðir voru próflausir og hjólin reyndust óskræð. [lrh.is](http://lrh.is)

## 17. september

### BRUNAR Í HAFNARFIRÐI - RANNSÓKN LOKIÐ

Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á tveimur eldsvoðum í Hafnarfirði fyrr á árinu er lokið. Um var að ræða bíl sem brann nærri Hvaleyrarvatni og hesthúsi við Sörlaskeið sem varð sömuleiðis eldi að bráð en um milljónatjón var að ræða. Ljóst þykir að tveir karlar áttu þar hlut að máli en fullvíst er talið að eldur hafi kviknað af þeirra völdum í báðum tilvikum. Mennirnir, annar um títugt en hinn hálfþrítugur, voru færðir til yfirheyrslu í gær og játuðu þeir hlutdeild sína sem og að hafa áður stolið bílnum sem um ræðir. [lrh.is](#)

## 8. apríl

### UNGIR VEGGJAKROTARAR GÓMAÐIR

Veggjakrotarar á barnaskóla-aldri voru gómaðir í Hafnarfirði um helgina. Um var að ræða tvo pílta sem höfðu að öllum líkindum komist yfir spreibrúsa á heimili annars þeirra en úr brúsanum höfðu þeir úðað á tvö hús, þar af annað íbúðarhús. Þegar lögreglan kom á vettvang neitaði annar pilturinn með öllu að segja til nafns en hinn var öllu samstarfsfúsari. Föður þess siðarnefnda bar fljótt að og var honum gerð grein fyrir málinu en að því loknu var haldið á heimili þess fyrrnefnda og rætt við móður hans. Vel gekk að ná veggjakrotinu af íbúðarhúsinu en óvíst var með hitt húsið. [lrh.is](#)

## Sérrefsilagabrot

Töluvert af sérrefsilagabrotum var til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Brunar í húsum, bílum og bátum voru þar á meðal en sönnunarstaða í slíkum málum er oft erfið. Lögreglan náði samt í skottið á nokkrum brennuvörgum en í hlut áttu bæði börn og fullorðnir. Í mörgum tilvikum var um mikið tjón að ræða. Þannig var því farið í Hafnarfirði á vormánuðum þegar kveikt var í hesthúsi og bíl nærri Hvaleyrarvatni. Tveir menn játuðu aðild sína. Á sama tíma varð stórtjón í tveimur sinubrunum á sömu slóðum. Lögreglan upplýsti bæði málin en brennuvargarnir í öðru þeirra voru dæmdir til refsingar.

Í október var lögreglan kölluð í Smábúðahverfið en tilkynnt var um vinnuskúr í ljósum logum. Á vettvangi blasti við ófögur sjón og hópur fólks í miklu uppnámi. Parna hafði gaskútur sprungið og leikið skúrinn illa. Verra var þó að innandyra voru unglingar, 13-16 ára, þegar ósköpin dundu yfir. Sex þeirra, fjórir piltar og tvær stúlkur, voru flutt á sjúkrahús, mismikið slösuð. Unglingarnir voru ekki mjög samstarfsfúsir þegar kom að því að upplýsa málið en einn gaskútur, 9 kg, fannst á vettvangi. Staðfesting fékkst á því að unglingarnir voru að sniffa gas í skúrnum.

Veggjakrot var oftsinnis tilkynnt til lögreglunnar árið 2008. Veggjakrotarar voru á ferðinni víða í umdæminu og miðborgin fór ekki varhluta af því. Á einni helgi var krotað á nærri hundrað staði við Laugavegin. Áhersla var lögð á það við húseigendur að þeir legðu fram kæru og bótakröfur vegna skemmdarverkanna en hinir sömu voru jafnan tregir til. Íbúar fjölbýlishúss á höfuðborgarsvæðinu leystu hinsvegar svona mál á eigin spýtur. Þeir stóðu unglingspilt að verki við veggjakrot en í stað þess að leggja fram kæru náðu þeir samkomulagi við piltinn. Í því fólst að pilturinn málaði yfir allt veggjakrot sem mögulega kæmi á húsið í sex mánuði.

## 15. október

### GOTT SAMFÉLAG Á ÁLFTANESI

Um tuttugu manns sóttu fund sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt í Álftanes-skóla á mánudag. Um var að ræða árlegan fund sem lykílfólki í sveitarfélaginu er boðið til en á honum var farið ítarlega yfir stöðu mála á Álftanesi. Stefán Eiríksson lögreglustjóri hafði orðið í upphafi og sagði m.a. að á Álftanesi væri gott samfélag þar sem allir legðust á eitt við að gera góðan bæ enn betri. Helgi Gunnarsson hverfislögreglumaður fór því næst yfir þróun mála en bæði innbrotum og fíkniefnabrotum fækkaði á Álftanesi á síðasta ári. Hinsvegar fjölgaði til muna tilkynningum um eignaspjöll. Umferðarmál voru einnig til umfjöllunar á fundinum en Egill Bjarnason yfirlögregluþjónn kynnti helstu niðurstöður í þeim málaflokki.

Á fundinum var einnig kynnt niðurstaða könnunar um viðhorf til lögreglu og sýnileika hennar. Álftnesingar eru almennt ánægðir með störf lögreglunnar og telja hana skila góðu starfi þegar kemur að því að stemma stigu við afbrotum í sveitarfélaginu. Í sömu könnun kom jafnframt fram að íbúarnir telja innbrot og umferðarlagabrot mestu vandamálin. Næstum helmingur, eða 47,9%, nefndi innbrot og fjórðungur, eða 25%, taldi umferðarlagabrot vera mesta vandamálið í sveitarfélaginu. Nokkrir, eða 4,2%, nefndu síðan eignaspjöll. [lrh.is](http://lrh.is)



### Hverfa- og svæðafundir

Á haustdögum voru haldnir þrettán fundir með lykílfólki á öllum svæðum í umdæminu. Þetta var þriðja árið í röð sem farið er í slíka fundaherferð og mælist hún alltaf jafnvel fyrir. Mæting á nær alla fundina var mjög góð. Farið var yfir stöðu mála á hverjum stað og kynnt tölfraeði um afbrot og þróun þeirra í viðkomandi hverfi eða svæði. Við sama tækifæri var greint frá niðurstöðum könnunar um viðhorf til lögreglu og sýnileika hennar. Íbúar voru almennt ánægðir með störf lögreglunnar og telja hana skila góðu starfi þegar kemur að því að stemma stigu við afbrotum.

Fundirnir voru einkar líflægir og skoðanaskipti voru hreinskiptin. Umferðarmálin voru fólki ofarlega í huga og töluvert var rætt um hraðakstur. Nágrannavarsla var fundarmönnum líka hugleikin sem og foreldrarölt og forvarnir af ýmsum tagi. Innbrotavarnir voru sömuleiðis til umræðu svo fátt eitt sé nefnt. Svæðisstjórar lögreglunnar gerðu grein fyrir starfinu á hverjum stað en fulltrúar yfirstjórnar embættisins mættu sömuleiðis á fundina og svöruðu spurningum.



## 12. ágúst

### LOFTBYSSUR ERU EKKI LEIKFÖNG

*Unglingspiltur slapp með skrekkinn þegar hann varð fyrir skoti úr loftbyssu í Reykjavík í gær. Það varð piltinum til happs að vera með gleraugu en skotið fór í þau en við það kom sprunga í annað sjónglerið. Talið er víst að piltur á svipuðu reki hafi skotið úr byssunni en lögreglan á eftir að ræða við hann og foreldra hans um þetta alvarlega atvik. Mál af þessu tagi hafa áður komið á borð lögreglu en hún ítrekar að loftbyssur eru ekki leikföng og eiga því ekki að vera í höndum barna og unglinga. Þótt í þeim séu plastkúlur geta þær unnið mikinn og óbætanlegan skaða. Rétt er líka að minna á að loftbyssur heyra undir vopnalög og að enginn fær skotvopnaleyfi nema að hafa náð 20 ára aldri. Þeir sem sækja um leyfi fyrir skotvopnum skulu jafnframt sækja námskeið í meðferð og notkun þeirra. lrh.is*

## Forvarnir og fræðsla

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hélt úti öflugum forvarnarstarfi árið 2008. Boðið var upp á umferðarfræðslu í leikskólum og grunnskólabörn fengu einnig heimsóknir frá lögreglunni eins og venjan er. Tekin var upp sú nýbreytni að vera með fíkniefnafræðslu fyrir nemendur í framhaldsskólum og var því vel tekið. Fjölmargir aðrir nutu góðs af fræðslustarfi lögreglunnar en starfsmenn hennar héldu erindi fyrir ólíklegustu hópa. Lætur nærri að 25 þúsund manns hafa notið fræðslu af ýmsu tagi hjá embættinu en lögreglumenn fjölluðu um það sem skal varast í lífinu.

## Sáttamiðlun í sakamálum

Sáttamiðlun í sakamálum var tilraunaverkefni til tveggja ára, unnið í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, og lauk því í september. Verkefnið gaf góða raun og var sérstakur starfsmaður ráðinn til að halda því áfram. Komið var á sáttum í tæplega 70 málum, flestum á síðasta fjórðungi ársins. Sáttamiðlun stendur öllum til boða en einkum er um að ræða minniháttar líkamsárásarmál, brot gegn valdstjórninni, eignaspjöll og þjófnaði. Ákveðin skilyrði þarf til að málum sé vísað í sáttamiðlun.





## 14. ágúst

### SKEMMDARVARGAR GRIPNIR Í MOSFELLSBÆ

*Tveir skemmdarvargar voru gripnir í Mosfellsbæ í gærkvöld. Um var að ræða unglingspilta sem höfðu sprengt upp ruslatunnu í bænum. Strákarnir forðuðu sér af vettvangi en lögreglan náði að hafa hendur í hári þeirra og viðurkenndu þeir verknaðinn. Annar þeirra var jafnframt með aðra heimatilbúna sprengju í fórum sínum og var hún haldlögð. Piltarnir voru færðir til síns heima og var foreldrum þeirra gert viðvart. [lrh.is](http://lrh.is)*



## Lögregluvefurinn

Verkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru af ýmsum toga. Um mörg þeirra má lesa á [www.lrh.is](http://www.lrh.is) sem er hluti af lögregluvefnum. Mikil áhersla er lögð á miðlun upplýsinga og árið 2008 voru birtar hundruð fréttu og tilkynninga á heimasíðu embættisins. Lítið brot af því má sjá í þessari ársskýrslu en fréttir og tilkynningar frá lögreglunni þykja jafnan áhugaverðar. Á heimasíðunni má bæði lesa fréttir um hefðbundin verkefni lögreglu og um rannsóknir sakamála og framvindu þeirra. Þá er þar oft að finna ýmsar gagnlegar ábendingar í forvörnum.

## REKSTUR OG ÞJÓNUSTA

Rekstur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2008 var mjög erfiður. Áætlun gerði ráð fyrir að tekið yrði á halla fyrra árs og rúmlega 50 m. kr. yrðu afgangs. Bráðabirgðauppgjör (spá) sýnir hinsvegar aðra niðurstöðu, eða 98 m. kr. halla á rekstrarárinu. Samkvæmt þessu er um 163 m. kr. rekstrarhalli hjá embættinu.

Fjárhagsvandann má rekja til hækkana á nær öllum sviðum sem snúa að almennum rekstri. Þannig kom aukinn kostnaður vegna vöru og þjónustu illa við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Útgjöld vegna húsnæðismála voru sömuleiðis meiri en áformað var og sama gildir um bíla embættisins. Þeir eru leigðir af embætti ríkislögreglustjóra en leigugjaldið hækkaði á árinu.

Raunar er sama hvar borið er niður. Allar hækkanir voru langt umfram viðbótarfjárveitingar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Við þessum aðstæðum var brugðist með ýmsum hætti en einnig lá fyrir í lok ársins að um verulegan niðurskurð fjárheimilda yrði að ræða fyrir árið 2009. Ákveðið var að minnka yfirvinnu starfsmanna, segja upp fastlaunasamningum, breyta vaktafyrirkomulagi og draga úr ráðningum starfsfólks. Þá var afgreiðslunni í Borgartúni 7b, Reykjavík, lokað og verkefnið færð annað.

Tafla 1 - Rekstur ársins - fjárhæðir í þ.kr.

	Áætlun	Endursk. áætl.	Spá
<b>Rekstur</b>	2.898.471	3.203.123	3.271.810
<b>Fjárheimildir</b>	2.950.000	3.118.700	3.174.009
<b>Mism.</b>	51.529	(84.423)	(97.801)
<b>Eigið fé 31.12.07</b>	(89.800)	(64.841)	(64.841)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> (eigið fé 31.12.08)	(38.271)	(149.264)	(162.642)
<b>Frávik m.v. fjárheimildir</b>	-1,3%	-4,9%	-5,2%






Tafla 2 - Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum árið 2008

<b>Tekjur</b>		
	Sértekjur	32.465
		<u>32.465</u>
<b>Gjöld</b>		
<b>Laun</b>		
	Dagvinna	1.331.534
	Vaktaálag	242.699
	Aukagreiðslur	132.574
	Yfirvinna	488.719
	Launatengd gjöld	450.165
		<u>2.645.690</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
	Ferðir og fundir	38.228
	Rekstrarvörur	136.187
	Aðkeypt þjónusta	168.779
	Húsnæði	127.869
	Bifreiðar og vélar	165.843
	Afskriftir krafna o.fl	1.835
	Eignakaup	19.844
		<u>658.584</u>
		<u>3.304.274</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>		<b>(3.271.810)</b>
	Ríkisframlag	3.174.009
		<u>(97.801)</u>
	Gjöld umfram sértekjur	<u>3.336.739</u>
Eigið fé 1.1.2008		(64.841)
Eigið fé 31.12.2008		<u>(162.642)</u>

### Skipting rekstrarkostnaðar





## 1. febrúar

### ÓSÆTTI VEGNA TÖLVU- NOTKUNAR

*Eftir hádegi í gær var lögregla kölluð að heimili í Reykjavík vegna ágreinings um tölvunotkun. Þar áttu mæðgin í útistöðum en þrætueplið var tölvunotkun sonarins. Þeim tókst ekki að útkljá málið en svo fór að sonurinn, sem er á unglingsaldri, réðst að móður sinni og rauk síðan á dyr. Áverkar hennar reyndust ekki alvarlegir en móðurinni var eðlilega brugðið og leitaði því til lögreglu. Því miður er málið ekki einsdæmi en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur áður sinnt útköllum eins og þessu. lrh.is*

## Almenn afgreiðsla

Í desember var almennu afgreiðslunni í Borgartúni 7b, Reykjavík, lokað. Afgreiðsla sakavottorða, vegabréfa og ökuskírteina færðist til sýslumannsins í Kópavogi. Önnur verkefni afgreiðslunnar, þ.e. afgreiðsla annarra leyfa, s.s. rekstrar- og skotvopnaleyfa, eru áfram hjá embættinu en nú sinnt á lögreglustöðinni í Kópavogi. Hún er til húsa á sama stað og sýslumaðurinn er, Dalvegi 18.

Annasamt var í almennu afgreiðslunni árið um kring. Erillinn var einna mestur yfir sumarmánuðina en þá voru afgreidd tæplega fimm þúsund og fjögur hundruð ökuskírteini. Margir fengu líka ný vegabréf í hendur, einkum í maí og júlí, en þessa tvo mánuði voru afgreidd samanlagt rúmlega tvö þúsund og sjö hundruð vegabréf. Að venju voru fjölmörg skotvopnaleyfi afgreidd á haustmánuðum, eða rúmlega tvö þúsund.

## 26. júní

### GARÐSLÁTTUR AÐ NÆTURLAGI

*Það er árviss viðburður að lögreglu berist tilkynningar um garðslátt á ókristilegum tíma. Þetta sumar er engin undantekning í þeim efnum en síðustu nótt hringdi íbúi í Mosfellsbæ og kvartaði undan hávaða frá sláttuvél. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var hins vegar ekkert að heyra. Sá sem handlék sláttuvélina virðist hafa séð að sér og því verða engin eftirmál. Ekki er annað vitað en tilkynnandi hafir síðan náð að festa svefn og hvílast það sem eftir lifði nætur. Í ljósi ofangreinds máls er rétt að vekja sérstaka athygli á 4. gr. lögreglusambykktar. Í henni segir m.a. að bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturro manna. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu biður fólk að hafa það ávallt hugfast. lrh.is*

## Tölvu- og símamál

Nýtt umsjónarkerfi með tölvubúnaði á netkerfi embættisins var tekið í notkun árið 2008. Kerfið getur t.d. dreift hugbúnaði og framkvæmt sjálfkrafa allar öryggisuppfærslur á stýrikerfum útstöðva. Hið nýja umsjónarkerfi sparaði mikla vinnu þegar ráðist var í uppfærslu á Microsoft Office. Skipt var út 100 tölvum sem var endurnýjun á tölvubúnaði þetta árið. Þá var IP símaæðingu lokið en í því felst að samnýta flutningsleiðir fyrir tölvu- og símaumferð hjá embættinu.

## Innri endurskoðun

Innri endurskoðun skilar skýrslum til lögreglustjóra um niðurstöður úr öllum skoðunum og úttektum sínum. Til skoðunar koma mál af ýmsu tagi en af verkefnum ársins má nefna eftirfarandi: Úttekt á framkvæmd símhlustana og notkun eftirfararbúnaðar, framkvæmd á móttöku, vistun og eftirliti með fögum hjá LPH og úttekt á framkvæmd reglna um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Til viðbótar þessu veitir innri endurskoðun ráðgjöf/umsögn um fjölda verklagsreglna hjá embættinu.







---

## VIÐAUKAR

---

Tafla 3 - Afgreiðsla 2008

	Jan	Feb	Mar
<b>Ökuskírteini</b>	941	879	910
<b>Æfingaakstursleyfi</b>	92	135	111
<b>P-merki</b>	27	28	28
<b>Skotvopnaleyfi o.fl.</b>	324	258	177
<b>Rekstrarleyfi / tækifærisl.</b>	30	24	19
<b>Ýmis leyfi</b>	25	9	18
<b>Vegabréf</b>	737	805	824

Tafla 4 - Afgreiðsla 2008

Meðaltal á dag miðað við fjölda vinnudaga

	Jan	Feb	Mar
<b>Ökuskírteini</b>	42,8	41,9	47,9
<b>Æfingaakstursleyfi</b>	4,2	6,4	5,8
<b>P-merki</b>	1,2	1,3	1,5
<b>Skotvopnaleyfi o.fl.</b>	14,7	12,3	9,3
<b>Veitingaleyfi</b>	1,4	1,1	1,0
<b>Ýmis leyfi</b>	1,1	0,4	0,9
<b>Vegabréf</b>	33,5	38,3	43,4

<b>Apr</b>	<b>Maí</b>	<b>Jún</b>	<b>Júl</b>	<b>Ág</b>	<b>Sep</b>	<b>Okt</b>	<b>Nóv</b>	<b>Des</b>
1.171	1.433	1.288	1.460	1.199	1.076	882	822	678
138	122	163	206	94	179	165	133	72
49	39	36	40	57	71	44	35	16
280	325	255	219	422	742	514	869	442
28	15	20	13	18	30	32	25	27
11	11	10	5	1	6	9	3	105
903	1.405	431	1.343	776	601	375	269	204

<b>Apr</b>	<b>Maí</b>	<b>Jún</b>	<b>Júl</b>	<b>Ág</b>	<b>Sep</b>	<b>Okt</b>	<b>Nóv</b>	<b>Des</b>
55,8	71,7	64,4	63,5	60,0	48,9	36,8	41,1	42,4
6,6	6,1	8,2	9,0	4,7	8,1	6,9	6,7	4,5
2,3	2,0	1,8	1,7	2,9	3,2	1,8	1,8	1,0
13,3	16,3	12,8	9,5	21,1	33,7	21,4	43,5	27,6
1,3	0,8	1,0	0,6	0,9	1,4	1,3	1,3	1,7
0,5	0,6	0,5	0,2	0,1	0,3	0,4	0,2	6,6
43,0	70,3	21,6	58,4	38,8	27,3	15,6	13,5	12,8



Tafla 5 - Sektor

	<b>Sektarboð</b>	<b>Sektargerð</b>
<b>Útsend</b>	5.647	1.367
<b>Greidd</b>	4.113	666
<b>Í dómsmeðferð</b>	553	0

Tafla 6 - Fjöldi lögreglumenntaðra starfsmanna og annarra starfsmanna eftir skipulagseiningum

	Borgaralegir starfsmenn	Lögreglumennt	Alls
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	17	8	25
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	47	10	57
<b>Innri endurskoðun</b>	0	2	2
<b>Löggæslusvið</b>	14	291	305
<b>Almenn deild</b>	7	174	181
<b>Rannsóknardeild</b>	0	67	67
<b>Stoðdeildir</b>	7	17	24
<b>Umferðardeild</b>	0	33	33
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	2	0	2
<b>Starfsmannadeild</b>	3	0	3
<b>Yfirstjórn</b>	2	6	8
<b>Samtals við störf</b>	85	317	402
<b>Nemar</b>	0	6	6
<b>Veikindi</b>	2	4	6
<b>Fæðingarorlof</b>	4	6	10
<b>Alls starfsmenn</b>	91	333	424

Tafla 7 - Fjöldi starfsmanna eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	16	9	25
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	16	41	57
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	254	51	305
<b>Almenn deild</b>	141	40	181
<b>Rannsóknardeild</b>	61	6	67
<b>Stoðdeildir</b>	21	3	24
<b>Umferðardeild</b>	31	2	33
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	1	1	2
<b>Starfsmannadeild</b>	1	2	3
<b>Yfirstjórn</b>	7	1	8
<b>Samtals við störf</b>	297	105	402
<b>Nemar</b>	5	1	6
<b>Veikindi</b>	5	1	6
<b>Fæðingarorlof</b>	1	9	10
<b>Alls starfsmenn</b>	308	116	424

Tafla 8 - Fjöldi lögreglumanna eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	7	1	8
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	10	0	10
<b>Innri endurskoðun</b>	2	0	2
<b>Löggæslusvið</b>	246	45	291
<b>Almenn deild</b>	138	36	174
<b>Rannsóknardeild</b>	61	6	67
<b>Stoðdeildir</b>	16	1	17
<b>Umferðardeild</b>	31	2	33
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	0	0	0
<b>Starfsmannadeild</b>	0	0	0
<b>Yfirstjórn</b>	6	0	6
<b>Samtals við störf</b>	271	46	317
<b>Nemar</b>	5	1	6
<b>Veikindi</b>	4	0	4
<b>Fæðingarorlof</b>	1	5	6
<b>Alls starfsmenn</b>	281	52	333

Tafla 9 - Fjöldi borgaralegra starfsmanna eftir kyni og skipulagseiningu

	Karl	Kona	Samtals
<b>Ákæru- og lögfræðisvið</b>	9	8	17
<b>Fjármála- og þjónustudeild</b>	6	41	47
<b>Innri endurskoðun</b>	0	0	0
<b>Löggæslusvið</b>	8	6	14
<b>Almenn deild</b>	3	4	7
<b>Rannsóknardeild</b>	0	0	0
<b>Stoðdeildir</b>	5	2	7
<b>Umferðardeild</b>	0	0	0
<b>Skrifstofa lögreglustjóra</b>	1	1	2
<b>Starfsmannadeild</b>	1	2	3
<b>Yfirstjórn</b>	1	1	2
<b>Samtals við störf</b>	26	59	85
<b>Nemar</b>	0	0	0
<b>Veikindi</b>	1	1	2
<b>Fæðingarorlof</b>	0	4	4
<b>Alls starfsmenn</b>	27	64	91

Tafla 10 - Lykiltölur starfsmannamála

<b>Heildarfjöldi starfsmanna í lok janúar 2009</b>	424
<b>Fjöldi ársverka 2008</b>	406,31
<b>Hlutfall kvenna af menntuðum lögreglumönnum</b>	15,6%
<b>Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum</b>	70,3%
<b>Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda</b>	5,13%
<b>Starfsmannavelta* - lögregla</b>	8,4%
<b>Starfsmannavelta* - borgaralegir starfsmenn</b>	22,0%
<b>Fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi í árslok</b>	4

\*Starfsmannavelta að meðtöldum starfsmönnum sem hættu sökum aldurs



Tafla 11 - Handtökur - Vistanir

<b>Handtökur</b>	
<b>Fjöldi handtaka</b>	4.768
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	3.044
<b>Vistanir</b>	
<b>Fjöldi vistana</b>	3.004
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	1.825

Tafla 12 - Handtökur eftir mánuðum

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>jan</b>	356	246
<b>feb</b>	394	268
<b>mar</b>	485	334
<b>apr</b>	473	320
<b>maí</b>	392	246
<b>jún</b>	334	195
<b>júl</b>	353	213
<b>ágú</b>	390	250
<b>sep</b>	353	230
<b>okt</b>	444	268
<b>nóv</b>	401	240
<b>des</b>	393	234
<b>Samtals</b>	4.768	3.044



Tafla 13 - Handtökur eftir vikudögum

	Fjöldi handtaka	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	576	326
<b>Þriðjudagur</b>	564	332
<b>Miðvikudagur</b>	522	302
<b>Fimmtudagur</b>	536	309
<b>Föstudagur</b>	588	345
<b>Laugardagur</b>	1.007	729
<b>Sunnudagur</b>	975	701
<b>Samtals</b>	<b>4.768</b>	<b>3.044</b>

Tafla 14 - Vistanir eftir mánuðum

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>jan</b>	213	175
<b>feb</b>	252	194
<b>mar</b>	282	181
<b>apr</b>	283	173
<b>maí</b>	233	127
<b>jún</b>	207	110
<b>júl</b>	230	135
<b>ágú</b>	257	156
<b>sep</b>	239	137
<b>okt</b>	305	170
<b>nóv</b>	262	141
<b>des</b>	241	126
<b>Samtals</b>	<b>3.004</b>	<b>1.825</b>

Tafla 15 - Vistanir eftir vikudögum

	Fjöldi vistana	Fjöldi einstaklinga
<b>Mánudagur</b>	395	215
<b>Þriðjudagur</b>	377	200
<b>Miðvikudagur</b>	367	200
<b>Fimmtudagur</b>	344	196
<b>Föstudagur</b>	379	218
<b>Laugardagur</b>	573	390
<b>Sunnudagur</b>	569	406
<b>Samtals</b>	<b>3.004</b>	<b>1.825</b>



# Lögreglustöðvar á höfuðborgarsvæðinu

**Hverfisgötu 113-115**  
**150 Reykjavík**

**Fjallkonuvegi 1**  
**112 Reykjavík**

**Álfabakka 12**  
**109 Reykjavík**

**Dalvegi 18**  
**201 Kópavogi**

**Flatahrauni 11**  
**220 Hafnarfirði**

**Garðatorgi 7**  
**210 Garðabæ**

**Völuteigi 8**  
**270 Mosfellsbæ**

**Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112**







Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu - Hverfisgötu 113-115  
150 Reykjavík - Sími: 444 1000 - Fax: 444 1015 - [www.lrh.is](http://www.lrh.is)

## **Lögreglustöðvar**

**Hverfisgötu 113-115**  
**150 Reykjavík**

**Fjallkonuvegi 1**  
**112 Reykjavík**

**Álfabakka 12**  
**109 Reykjavík**

**Dalvegi 18**  
**201 Kópavogi**

**Flatahrauni 11**  
**220 Hafnarfirði**

**Garðatorgi 7**  
**210 Garðabæ**

**Völuteigi 8**  
**270 Mosfellsbæ**

**Neyðar- og aðstoðarsími lögreglu er 112**